

Aðalfundur Foreldrafélags Vatnsendaskóla

Þriðjudaginn 22. september kl. 17:00 - 18:00

Aðalfundur foreldrafélags Vatnsendaskóla fór fram í Kríunesi þriðjudaginn 22. September. Guðrún Valdimarsdóttir, formaður foreldrafélags Vatnsendaskóla, setti fundinn. Formaður stingur upp á Ragnhildi Helgadóttur sem fundarstjóra og Áslaugu Pálsdóttur sem ritara og er það samþykkt.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Skýrsla stjórnar

Guðrún formaður flutti skýrslu stjórnar.

Foreldrafélagið lagði upp með fjölbreyttra dagskrá veturinn 2019-2020. Veturinn fór vel af stað og viðburðir og fræðslufundir voru almennt vel sóttir. Þegar leið á vorönn varð ljóst að allt skólastarf myndi raskast vegna COVID-19. Tilmæli Almannaþingis um samkomutakmarkanir urðu síðan til þess að ekki var unnt að halda viðburði á vegum foreldrafélagsins.

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins starfsárið 2019-2020 voru; Fræðslufundur fyrir bekkjarfulltrúa, Halloween ball, fræðslufundur um Kynheilbrigði, „Glow in the dark“ ball,

Önnur umfjöllunaratriði í skýrslu stjórnar voru foreldrarölt og félagsmiðstöðin Dimma. Einnig er greint frá fundi foreldrafélagsins með sviðstjóra mentnasviðs Kópavogsbæjar vegna spjaldtölvuverkefnisins. Sagt frá fundinum og þeim spurningum sem lagðar voru fram og greint frá svörum Menntasviðs.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Tómas Albert Holton gjaldkeri lagði fram og skýrði reikninga.

Reikningar samþykktir.

3. Félagsgjöld ákveðin

Lagt til og samþykkt að árgjald til foreldrafélagsins sem er kr. 3.500 kr. á fjölskyldu verði óbreytt. Gjaldið verði innheimt með kröfu í heimabanka.

4. Stjórnarkjör

Kjörnir í stjórn:

Brynhildur Arna Jónsdóttir
Elín Sigurðardóttir
Eiríkur Magnús Jenson
Ragnhildur Helgadóttir
Tómas Albert Holton

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

5. Fulltrúar foreldra í Skólaráði kjörnir

Ekki var kosið í skólaráð að þessu sinni þar sem allir fulltrúar foreldra voru kosnir á síðasta aðalfundi til tveggja ára:

Aðalmenn:

Áslaug Pálsdóttir
Pétur Örn Magnússon

Varamenn:

Margrét Valdimarsdóttir
Ragnhildur Helgadóttir

6. Fulltrúi Vatnsendaskóla í Samkóp

Ragnhildur Helgadóttir var tilnefnd sem fulltrúi skólans í Samkóp.

7. Önnur mál

Skólaráð er tenging foreldra við stjórn skólans en auk skólastjóra sitja í ráðinu fulltrúar foreldra, starfsfólks og nemenda. Tilgangurinn er að setja stefnu og mynda skólabrag sem byggir á góðu samstarfi heimila og skóla og að gera góðan skóla betri.

Nokkur umræða var um spjaldtölvuverkefnið og brýna nauðsyn þess að þrýsta á Kópavogsbæ að mæla árangur verkefnisins. Fundarmenn almennt sammála um að löngu sé orðið tímabært að gera úttekt á verkefninu.

Einnig var það ákvæði rætt í lögum félagsins að virkja nefndir og fá sem flesta foreldra til að leggja starfi Foreldrafélagsins lið með því að taka þátt í einstaka verkefnum eins og Hjóladeiginum, Skíðadeiginum og fleirri viðburðum - margar hendur vinna létt verk.

Fleira ekki bókað – fundi slitið kl. 18:00.

Fundaritari Áslaug Pálsdóttir.